

## AST – VINNUFUNDIR FRAMKVÆMDARÁÐS NR. III.

Vinnufundur framkvæmdaráðs AST var haldinn í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði í framkvæmdaráði AST þriðjud. 22. feb. 2011. Fundinn sátu: Páll Björgvin Guðmundsson, Skúli Björn Gunnarsson, Stefanía G. Kristinsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Bj. Hafþór Guðmundsson.

Fundurinn hófst kl. 13:00.

### Eftirfarandi gerðist:

1. Fjallað var um ýmis fyrirbyggjandi gögn / drög sem fyrir liggja úr vinnu síðustu vikna. Umræðan beindist yfir á svið þjónustu, rætt um þjónustuver, sérhæfingu, stjórnábylgju, „hagsmunagæzlu“, þætti eins og menningu, atvinnuþróun, ferðamál, fræðslu o.m.fl. Hópurinn var sammála um að nærþjónusta muni skila árangri, vinna þurfi að því að koma á nægu framboði fræðsluverkefna og á fleiri stöðum, nýta mannauð, minnka vanmátt gagnvart öflugum háskólum, og efla vöruþróun m.a. í gegnum fræðslu.
2. Í framhaldi af umfjöllun undir lið 1 tók SGK að sér að vinna drög að „mannauðsgreiningu“ innan stofnana, sem verkefnið tekur til (hugsanlega að viðbættum ákv. stöfum hjá sveitarfélögunum) sem yrði til umfjöllunar á næsta fundi hópsins.
3. Illa hefur gengið að „innheimta“ samantekt um verkefni, sem falla undir „stöðkerfi“ sveitarfélaganna sjálfra. Áfram verður af BHG gengið eftir uppl. eftir því sem þörf er á.

Ákveðið að fresta fundi og jafnframt að framhaldsfundur til undirbúnings framlagningar ganga fyrir hópinn í heild verði haldinn eigi síðar en 8. marz 2011 kl. 13-15 á Seyðisfirði.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi frestað um kl. 15:10.

## AST FRAMHALDSVINNUFUNDUR 8. MARZ 2011.

Vinnufundi í framkvæmdaráði AST fram haldið þriðjud. 8. marz 2011 í fundarherbergi íþróttamiðstöðvar á Seyðisfirði. Fundinn sátu: Skúli Björn Gunnarsson, Stefanía G. Kristinsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Bj. Hafþór Guðmundsson. Páll Björgvin Guðmundsson var í símasambandi.

1. Farið yfir drög að gögnum, sem yrðu veigamikil innlegg í skýrslu framkvæmdaráðsins til vinnuhópsins um AST í heild og eftir atvikum drög að lokaskýrslu, sem lögð yrði fyrir stjórn SSA í maí 2011, eins og gert var ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að þróa gögnin áfram fram að næsta fundi framkvæmdaráðsins 17. marz kl. 13:00 sem verður hugsanlega símafundur. Framkvæmdaráð AST gerir ráð fyrir að vinnuhópurinn í heild verði síðan boðaður á fund, þar sem kynnt verða vinnugögn framkvæmdaráðsins og drög að lokaskýrslu. Miðað er við að sá fundur verði 29. marz kl. 13:00 á Vonarlandi.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:30.

Bj. Hafþór Guðmundsson – fundarritari.